

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Fóstbræðrasjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. ágúst 1971.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Fóstbræðrasjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fóstbræðrasjóður og er hann stofnaður af framlögum nokkurra einstaklinga og Kaupfélagi Eyfirðinga á árinu 1968.

Hann er kenndur við þá Þórarín Kr. Eldjárn bónda og kennara á Tjörn í Svarfaðardal og Snorra Sigfússon skólastjóra og námsstjóra á Akureyri, en þeir ólust upp að nokkru samtímis á Tjörn á síðasta tug 19. aldarinnar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 140 000.00 — eitt hundrað og fjörutíu þúsund krónur — og skal það ávaxtast í Sparisjóði Svarfdæla á Dalvík.

Gjafir, sem sjóðnum kunna að berast, skulu teljast til stofnfjár hans ásamt vöxtum, sem til falla, þar til hann tekur til starfa, sbr. 5. gr. Er þetta höfuðstóll sjóðsins, sem aldrei má skerða.

3. gr.

Vaxtatekjum sjóðsins skal verja til að styrkja fyrrverandi nemendur í Húsabakkaskóla í Svarfaðardal til náms einkum í þeim fræðum, er lúta að landbúnaði, kennslu- eða samvinnumálum.

4. gr.

Með stjórn sjóðsins fer skólanefnd Húsabakkaskóla. Lætur hún gera ársreikning sjóðsins, og skal hann endurskoðast af kjörnum endurskoðendum hreppsreikninga.

5. gr.

Fyrst um sinn og þangað til sjóðurinn hefur náð kr. 200 000.00 skulu vextir leggjast við höfuðstól hans sbr. 2. gr. Eftir það getur sjóðurinn tekið til starfa, og eru þá allir vextir hans sjóðstjórninni heimilir til ráðstöfunar.

Innan þeirra takmarka, sem vextir setja er stjórninni í sjálfsvald sett, hve oft og hve háa styrki hún veitir úr sjóðnum.

6. gr.

Skipulagsskrá þessa skal færa inn í gerðabók skólanefndar Húsabakkaskóla eða sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn. Henni má því aðeins breyta, ef sjóðstjórnin leggur það til, og hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps samþykkir.